



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

2. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2022, MIÐVIKUDAG 7. SEPTEMBER KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Umsóknir um leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

Umsækjendum er bent á að ef fjarvera er lengri en fimm dagar er ólíklegt að viðkomandi nái 97% skólasókn á önninni.

Skólaráð leggur áherslu á að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Umsóknum um mat á íþróttum var vísað til kennslustjóra íþróttu. Umsóknum um stöðupróf var vísað til kennslustjóra erlendra tungumála.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Nýnemaferðin og ballið í síðustu viku gengu vel. Það þarf að endurskoða armböndin sem notuð voru sem miði á ballið, næst þyrfti að hafa þau sérmerkt á einhvern hátt. NFFG stefnir á að halda marga litla viðburði til að halda uppi stemningu og vera sýnileg. Nú stendur yfir nýnemavika þar sem ýmislegt skemmtilegt er á hverjum degi og mismunandi þema hvern dag. Viðburðadagatal NFFG er í vinnslu.

3. Önnur mál

Samþykkt var að endurskoða texta sem fylgir afgreiðslu leyfisbeiðna og ítreka að hámark mögulegra leyfisdaga er fimm. Búið er að mála gula kanta á bílastæðinu þar sem ekki má leggja. Þurfum átak í að fá starfsmenn og nemendur til að mæta öðruvísi en á bíl í skólann. Stefnt er á að gera upp nemendasvæði á 1. hæð, fá ný húsgögn og endurskipuleggja.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara

Andri Bergmann Ísaksen forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG

Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir fulltrúi kennara

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi